



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Byggingarfulltrúi

Borgarráð Reykjavíkur  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

19. febrúar 2019

Varðar: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um starfsreglur byggingarfulltrúa - Óskað er eftir upplýsingum um hvernig starfsreglum byggingarfulltrúa er háttað þegar kemur að veitingu undanþága um aðgengi fyrir fatlaðra.

Í 6.1.5. gr. byggingarreglugerðar segir eftirfarandi:

*Ef sérstökum erfiðleikum er bundið að uppfylla ákvæði þessa hluta reglugerðarinnar án þess að breyta að verulegu leyti megin gerð mannvirkis, burðarvirki, útliti, innra skipulagi eða öðrum sérkennum sem vert er að varðveita, getur leyfisveitandi heimilað að vikið sé frá einstökum ákvæðum þessa hluta reglugerðarinnar. Í slíkum tilvikum skal hönnuður skila sérstakri greinargerð um það hvaða ákvæðum óskað er eftir að víkja frá, um ástæður þess að ekki er unnt að uppfylla þau og hvort unnt er með öðrum hætti að tryggja aðgengi þannig að markmið þessa hluta reglugerðarinnar séu uppfyllt. Taka skal sérstakt tillit til mannvirkja sem falla undir ákvæði laga um menningarminja. Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.*

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík starfar í samræmi við vottað gæðakerfi, ÍST ISO 9001. Embættið hefur ekki sett sér sérstakar starfsreglur um túlkun á ákvæðum byggingarreglugerðarinnar um algilda hönnun. Þess ber þó að geta að byggingarfulltrúaembættið túlkar undanþágur, sbr. t.a.m. ofanefnda 6.1.5. gr. í byggingarreglugerðinni, eins þröngt og unnt er í öllum tilfellum, enda stefna byggingarfulltrúaembættisins að fylgja bókstaf og anda laga og reglugerða er snúa að aðgengi allra, eins og framast er unnt.

Virðingarfyllst

Nikulás Úlfar Músson  
byggingarfulltrúi



Umhverfis- og skipulagssvið  
Borgartún 10-12  
105 Reykjavík  
Sími 411 1111  
Bréfsími 411 3050  
byggingarfulltrui@reykjavik.is  
www.reykjavik.is